

3. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 9.8. 2022, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Ármarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Fjármál, staða.
2. Styrkvegasjóður
3. Fráveitustyrkur
4. Hringrásarhagkerfið
5. Skýrsla nr. 2 frá formanni kjörstjórnar
6. Fundargerðir:
 - a. Fundargerð almannavarna 21.7.2022
 - b. Fundargerð SSA 15.4.2022
7. Erindi frá Dagrúnu Drótt Valgarðsdóttir
8. Skýrsla sveitarstjóra
9. Önnur mál

1. Fjármál, staða

Kynnt.

2. Styrkvegasjóður

Sveitarfélagið fékk úthlutað 3.000.000 kr. úr styrkvegasjóði.

3. Fráveitustyrkur

Umhverfis- orku og loftslagsráðuneyti hefur veitt styrk til fráveituframkvæmda við Hengifoss. Styrkfjárhæðin nemur 30% af staðfestum heildarkostnaði.

4. Hringrásarhagkerfið

Umhverfis- orku og loftslagsráðuneyti hefur hafnað umsókn sveitarfélagsins um styrk til eflingar hringrásarhagkerfinu í sveitarfélaginu.

5. Skýrsla nr. 2 frá formanni kjörstjórnar

Kynnt.

6. Fundargerðir:

- a. Fundargerð almannavarna 21.7.2022
Kynnt.
- b. Fundargerð SSA 15.4.2022
Frestað.

7. Erindi frá Dagrúnu Drótt Valgarðsdóttir

Varðar setu í kjörstjórn. Dagrún Drótt sér ekki fært að taka tilnefningu í kjörstjórn. Sveitarstjórn skipar Kjartan Glúm Kjartansson í hennar stað.

8. Skýrsla sveitarstjóra

Fljótsdalsdagur, sveitarstjóri ætlar að heyra í ferðapjónustuaðilum varðandi aðkomu að honum.

Bæjarstjórn Fjarðarbyggðar stefnir á að koma í heimsókn í Fljótsdalinn 25. ágúst.

Fyrirhuguð er ferð til Spánar af áhugasömun landeigendum um virkjun vindorku. Óskað er eftir að sveitarstjóri komi að skipulagningu ferðarinnar.

Til stendur að flytja burðarbíta á efri brúna yfir Hengifoss í dag (9. ágúst).

Styrkur fékkst í gerð göngustígs við Hengifoss, Hjarðarbóls megin og byrjar verktaki fljótlega á honum.

Sveitarstjóri kynnti einnig fleiri mál sem eru í vinnslu.

9. Önnur mál

Jóhann sagði frá að stjórn Vatnajökulspjóðgarðs verður í sveitarfélaginu 23. ágúst.

Borist hefur erindi frá leigjendum Fljótsdalsgrundar (gistihússins við Végarð) vegna viðhalds á eigninni. Málinu vísað til viðkomandi aðila.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi litið klukkan 15:40

Lárus ritaði fundargerð í tölvu